



24. stjórnarfundur LH

16. júní 2020 kl. 16.00 á Skógarhólum

Inngangur: Hluti stjórnar kom ríðandi til fundar 15. júní. Stjórnin hefur ekki fundað staðbundi síðan 28. febrúar. Haldnir hafa verið fimm fundir með fjarfundabúnaði vegna COVID-19. Stjórnin fór í reiðtúr um þjóðgarðinn fyrir fund þann 16. júní. Boðið var uppá grill eftir fundinn. Hluti stjórnar fór svo ríðandi af svæðinu í Kjósina.

Mættir: Lárus Ástmar Hannesson formaður, Eggert Hjartarson, Ólafur Þórisson, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, og Ágúst Hafsteinsson úr aðalstjórn, Siguroddur Pétursson, og Lilja Björk Reynisdóttir úr varastjórn.

Fjarverandi: Oddrún Ýr Sigurðardóttir úr aðalstjórn, Rósa Birna Þorvaldsdóttir, Þórdís Arnardóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Einnig mættar: Vilfríður Sæþórsdóttir og Hjörny Snorradóttir

Gestur fundarins: Einar Sæmundsen þjóðgarðsvörður.

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

- Skógarhólar – endurnýjun leigusamnings ofl. – Einar Sæmundsen þjóðgarðsvörður.**
Einar Sæmundsen þjóðgarðsvörður fór yfir stöðuna frá sjónarhóli þjóðgarðsins og lýsti yfir eindregnum vilja til endurnýjun samnings um Skógarhóla. Samningur var gerður til 10 ára árið 2011 og vilji er til að endurnýja samninginn á þessu ári.

Einar Sæmundsen vikur af fundi

- Samþykkt fundargerðar 23. fundar**
- Kaup og kjör íþróttadómara – erindi frá Hestamannafélaginu Geysi**
Mikil hækkun varð á launum íþróttadómara á þessu ári. Stærsta breytingin er að eftir 8 tíma vinnudag er tvöfaldur taxti, áður var það eftir 10 tíma.
Afgreiðsla: Formaður og varaformaður LH boða fulltrúa HIDI, GDLH og keppnisnefndar á fund til að ræða kostnað við dómgæslu.
- Herða- og hófamælingar keppnishrossa**
Skv. keppnisreglum mega hestar sem eru hærri en 145 cm. á herðar vera með 9,5 cm. hófa. Mikið hagræði væri í því ef hægt væri að fá mælingu á keppnisthestum skráða í WorldFeng og fletta því upp í fótaskoðun. Löggiltur mælingamaður þarf að framkvæma mælinguna.
Afgreiðsla: Ákveðið að senda erindi til RML og finna málinu farveg í samvinnu við RML.
- Gæðingakeppni erlendis – bréf til IPZV**
Bréf á þýsku varðandi framkvæmd gæðingakeppni erlendis hefur verið sent til IPZV.
- LH Kappi**
Tölvunefnd leggur til að samið verði við forritunarfyrtækið Bonsai um áframhaldandi þjónustu við appið. Í næstu uppfærslu er áætlað að hægt verði að setja inn auglýsingar inn á hvert mót, greiningartöl verði sett upp og dagatal lagfært.



Afgreiðsla: Tölvunefnd beðin um að koma á forgangslista að niðurstöður í skeiði birtist og að ráslisti birtist réttur í flípanum niðurstöður. Samþykkt að frá og með 1. nóv. verði appið tilbúið til sölu í appstore og playstore. Árgjald verði 1500 kr.

7. Frestur til að skila breytingartillögum við lög LH

Samkvæmt breytingum sem gerðar voru á lögum LH á landsþingi 2018 skulu „allar breytingartillögur á keppnisreglum berast keppnisnefnd og laganefnd LH hið minnsta 3 mánuðum fyrir upphaf landsþings. Tillögurnar skulu sendar skrifstofu LH sem aftur kemur þeim á viðkomandi nefndir og bókar móttökudag þeirra“. Frestur til að skila inn breytingartillögum við aðrar reglur er tveimur vikum fyrir þing.

Frestur til að skila inn breytingartillögum við keppnisreglur er því 16. júlí en frestur til að skila inn breytingartillögum við aðrar reglur LH er 2. október.

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að auglýsa hver frestur er að skila inn breytingartillögum, útbúa og senda eyðublað fyrir breytingartillögum á formenn hestamannafélaga.

8. Staða verkefna

Landsmót ehf.

LM ehf. sendir umsókn í Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins um styrk til að standa straum af kostnaði við kaup á myndböndum af þeim 170 kynbótahrossum sem hefðu unnið sér rétt til þátttöku á Landsmóti, hefði það farið fram, og setja inn í WorldFeng. Þetta er gert til að tryggja samfellu í skráningu sögu hæst dæmdu kynbótahrossa hverju sinni.

WorldRanking listi GDLH

Útfærsla í vinnslu

Starfsskýrslur í Felix og félagatal

Frestur til að skila starfsskýrslum í Felix rann út 1. júní. Í kjölfarið sendi LH út reikning til hestamannafélaganna fyrir fyrra hluta árgjalda. Gefa þarf út fjölda þingfulltrúa hvers félags á Landsþingi miðað við félagatal.

Gæðingafiminefnd

Reglugerð um gæðingafimi er í þróun og vonast er til að hægt verði að halda prufumót síðsumars.

Íslandsmótsnefnd

Unnið er að tillögu um breytt fyrirkomulag á Íslandsmóti.

Þjálfarastigin

Verið er að vinna í að koma þjálfarastigum ÍSÍ inn í þá framhaldsskóla sem eru með hestamennskubraut.

Myndband á vegum samgöngustofu um öryggismál



Að frumkvæði reiðveganefndar Fáks og í samvinnu við Samgöngustofu er í býgerð að gera fræðslumyndband um öryggismál á reiðvegum.

Hæfileikamótun LH

Kennsluáætlun í Hæfileikamótun LH lýkur í júní. Bjarni Fritz, fyrrum atvinnumaður og landsliðsþjálfari hjá 20 ára landsliðinu í handbolta mun halda fyrirlestur í streymi í facebookhópi hæfileikamótunar 22. júní. Í september munu allir hóparnir hittast á Skógarhólum.

Félagshesthús

Uppfært skjal um félagshesthúsin er komið á heimasíðu LH.

Landsliðsnefnd

Kennslumyndbönd með landsliðsmönnum verða tekin upp í sumar og verða til sölu í áskrift á vef. Endurskoðað þarf allar áætlanir í ljósi breyttrar verkefnastöðu landsliða vegna Covid.

Trec- námskeið

Verið er að undirbúa Trec-námskeið í haust.

Endurskoðun laga og reglna LH

Vinna við endurskoðun laga og reglna LH í samvinnu við laganefnd miðar vel. Gera þarf miklar endurbætur á kafla 3 um félagaskipti.

Fundi slitið um kl. 19.30